

Hafnarbætur við Akraneshöfn

Akraneshöfn hefur alla tíð gengt mikilvægu hlutverki í atvinnustarfsemi Akraneskaupstaðar, því þarf að huga vel að framtíðarhlutverki hafnarinnar. Samhliða endurskipulagningu miðbæjarins og uppbyggingaráformum verða aðilar að skoða uppbyggingu, þróun og vöxt hafnarinnar til framtíðar.

Undanfarin ár má sjá hvernig útgerð og smábátastarfsemi hefur minnkað til muna á svæðinu. Þetta er þróun sem þarf að snúa við, finna lausnir á og móta þróun til framtíðar hafnarinnar. Hvernig getum við sem hafnareigandi gert svæðið ákjósanlegt fyrir útgerðir, smábáta og farþegaskip? Í mínum huga eru nokkar lausnir í boði sem gætu verið álitlegar til lengri tíma lítið:

- Að lengja hafnarbakka til að bæta viðlegu skipa, dýpka höfnina og verja gegn ókyrrð.
- Að bæta aðstöðu fyrir útgerðir og smábáta á landi.
- Að tengja höfnina við mannlífið, líkt og gert hefur verið í Reykjavík. Höfn, veitingastaðir, íbúðir og hótél, allt á miðborgarsvæði Akraness til að tryggja bæði innlenda, erlenda og hafnsækna ferðamennsku. Það er eitt af meginhlutverkum Faxaflóahafna sem hafnarfyrirtæki að byggja upp og stuðla að bættu hafnarsvæði innan okkar landmarka, þ.e. fyrir útgerðir, smábáta, farþegaskip og almenning.

Ég byrjaði árið 2016 hjá Faxaflóahöfnum og eitt af mínum fyrstu verkefnum var að kynna Akranes sem áfangastað fyrir minni farþegaskip. Fyrsta farþegaskipið, Le Boreal, frá Ponant boðaði komu sína árið 2017 og ári seinna (2018) var Akraneshöfn komin með 12 skipakomur frá tveimur útgerðum. Þessar sömu tvær útgerðir hafa í hyggju að koma aftur í sumar (2019). Nú eru fleiri útgerðir farþegaskipa farnar að horfa á þessa staðsetningu og óska eftir upplýsingum um staðinn. Hins vegar getum við ekki tekið þau skip að bryggju, þar sem hafnaraðstaða leyfir það ekki.

Akranes er að fara inn í uppbyggingartímabil og þar gæti leynst tækifæri fyrir Faxaflóahafnir. Í okkar starfsumhverfi er komur farþegaskipa og hafnsækin ferðapjónusta vaxandi atvinnugrein. Þessari starfsemi þarf að finna nýja vaxtarstaði. Það mætti gera með skipulagðri markaðssetningu í samstarfi við Akraneskaupstað.

Reykjavík 3. apríl 2019



Erna Kristjánsdóttir
Markaðs- og gæðastjóri